

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	5.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Eftirlitsmaður	Steinunn Karlsdóttir
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Gnýr Hjarðar	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Þorleifur og Eiður	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins. Urðunarstaðurinn starfar skv. undanþágu frá Umhverfis og auðlindaráðuneytinu sem gildir til 24. október 2018. Unnið er að nýju starfsleyfi.

Í eftirlitinu kom fram eitt frávik og tvær ábendingar voru gerðar við starfsemina. Þá er unnið að úrbótum vegna eldri fráviks er varðar rúmmálmælingar á umfangi urðunarstaðarinn.

UMFANG EFTIRLITS

Tilkynnt dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Síðasta eftirlitsskýrsla
2. Ársskýrsla skv. grein 5.4 og 5.5 og skráningar skv. grein 5.1
3. Eftirlitsmælingar skv. grein 5.2
4. Umhverfismarkmið sbr. grein 2.1
5. Samráðsfundur skv. grein 1.9
6. Staða starfsleyfis - Undanþága í gildi til 24. Október 2018
7. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

1. Síðasta eftirlitsskýrsla

Í síðasta eftirliti komu fram þrjú frávik frá starfsleyfi en úrbótaáætlun vegna þeirra var send Umhverfisstofnun 12. mars sl.

Dekkjakurl sem hafði safnast upp umfram starfsleyfisheimild hefur verið nýtt að hluta til botnþyllingar á nýrri urðunarrein (rein 20). Búið er að girða fyrir urðunarstaðinn. Lóð fyrirhugaðrar gas og jarðgerðarstöðvar var höfð utan girðingar utanum urðunarstaðinn. Samningur við verktaka til að rúmmálmæla urðunarstaðinn mánaðarlega var lagður fram í eftirlitinu. Samningurinn var undirritaður í mars og byrjað var að mæla í apríl. Unnið er að skýrslu úr þeim mælingum.

2. Ársskýrsla og skráningar

Farið var yfir helstu niðurstöður ársskýrslur. Eftirlitsmaður kom með nokkrar ábendingar varðandi framsetningu í skýrslunni. Uppfærð skýrsla var send Umhverfisstofnun 19. júní sl. Skráningar skv. starfsleyfi eru tilgreindar í ársskýrslu.

3. Eftirlitsmælingar

Mælingar sem standa átti skil á fyrri hluta ársins voru lagðar fram í eftirlitinu. Sísmælingar eru gerðar á rennsli frá hreinsivirki. Efnamælingar í ár sýna nokkuð lægri efnastyrk en undanfarin ár. Vatnshæð í borholum er framkvæmd á þriggja mánaða fresti og sísmælingar eru á hauggasinu.

4. Umhverfismarkmið

Sorpa er með ISO14001 umhverfisstjórnunartönnun. Umhverfismarkmið eru rýnd þrisvar sinnum á ári af stjórnendum og árlega er uppskeruhátið með öllum starfsmönnum þar sem að farið er yfir markmiðin og árangur við að ná markmiðunum. Unnið er að uppsetningu á mælaborði umhverfisgæða sem verður aðgengilegt og sýnilegt starfsmönnum. Vel er haldið utan um markmiðin og skýr ábyrgð og mælikvarði á árangri við að ná þeim. Bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu.

5. Samráðsfundur.

Rekstraraðila ber að boða samráðsfund á árinu í samræmi við ákvæði í starfsleyfi. Mikilvægt að gögn sé lögð fyrir slíkan fund svo fundaraðilar geti kynnt sér þau fyrir fundinn. Þá ber að halda opinn kynningarfund skv. ákvæðum starfsleyfis á árinu.

6. Staða starfsleyfis

Urðunarstaðurinn starfar skv. undanþágu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem gildir til 24. október 2018. Rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi sem er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

7. Skoðunarferð um urðunarstaðinn.

Farið var í skoðunarferð í nýju urðunarreinina (rein 20) sem og að girðingu við gas og jarðgerðastöðina. Staðfest var að unnið hefur verið á uppsöfnuðum birgðum að dekkjakurli sem drenlag í botn og hliðar urðunarreinarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 1.2	Á fundi hjá rekstraraðila 18. júní kom fram að tekið hefði verið við förmum af dýrahæjum og þeim fargað án sérstakrar heimildar frá Umhverfisstofnun eins og ákvæði starfsleyfisins kveða á um.
Grein 2.1	Við skoðun á girðingu sem afmarkar urðunarstaðinn, kom í ljós að haugar af dekkjaúrgangi voru utan girðingar skv. ákvæðum starfsleyfisins skal girðingin

ATHUGASEMDIR

Tilraunir voru gerðar við forvinnslu á sláturúrgangi árið 2016 til lífdíselframleiðslu. Sú vinnsla hefur legið niðri frá árinu 2017. Minnt var á í eftirlitinu að leita ber samþykkis Umhverfisstofnunar fyrir slíkri vinnslu sbr. ákvæði í grein 1.2 í starfsleyfi.

Við skoðun á girðingu sem afmarkar urðunarstaðinn, kom í ljós að haugar af dekkjaúrgangi voru utan girðingar skv. ákvæðum starfsleyfisins skal girðingin afmarka það svæði sem tekið er við úrgangi.

ANNÆÐ

Þorsteinn Narfason hjá Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis og Berglind Ósk Þ. Þórolfsdóttir og Guðjón Ingi Eggertsson frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur voru viðstödd eftirlitið.

Áætlað er að framkvæmdir við gas og jarðgerðarstöð hefjist á haustmánuðum og að hún komist í gagnið árið 2020.

Skýrsla varðandi aðgerðir gegn lyktarmengun er væntanleg í lok mánaðarins en hún er unnin af ráðgjafa Sorpu. Sjó er údað yfir urðunarstaðinn til að sporna gegn lyktarmengun og verið er að koma á fót skynmatshóp til að meta lykt frá urðunarstaðnum í íbúabyggð.

Heilbrigðiseftirlitið kom með ábendingar varðandi móttöku asbests úrgangs og rætt um verklag Sorpu við urðun asbests. Einnig spurði HER um olíumengaðan jarðveg. Komi slíkur úrgangur inn á urðunarstaðinn hefur hann verið í yfirlag.

Þann 18. júní var fundur hjá rekstraraðila vegna úttektar ESA á eftirliti stjórnvalda með förgun dýraafurða. Á þeim fundi voru m.a. móttökukvittanir fyrir dýraúrgangi skoðaðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.07.2018


Halla Einarsson
Halla Einarsson